

Baklanov gegn Rússlandi

Dómur frá 9. júní 2005

Mál nr. 68443/01

1. gr. 1. viðauka. Réttur til friðhelgi eignarréttar

Eignaupptaka. Lagaheimild.

1. Málsatvik

Kærandi, Baklanov, er lettneskur ríkisborgari, fæddur 1957. Þann 20. mars 1997 tók kærandi út af bankareikningi sínum 250.000 bandaríkjadali í reiðufé og bað kunningja sinn, B, að afhenda fjárhæðina í Moskvu. B lenti á Sheremetyevo-flugvelli í Moskvu síðar þennan sama dag. Hann gaf peningana ekki upp við tollyfirvöld þegar hann kom að tollhliði. Var hann handtekinn og ákærður fyrir smygl. B var sakfelldur fyrir smygl skv. 1. mgr. 188. gr. rússneskra hegningarlaga og dæmdur til tveggja ára skilorðsbundins fangelsis. Peningarnir voru gerðir upptækir. Kærandi krafðist afhendingar peninganna þar sem þeir væru lögleg eign hans og lagaheimild skorti fyrir upptökunni. Dómstólar höfðuð kröfu hans og vísuðu til fordæmis Hæstaréttar Sovétríkjanna frá 1978 um heimild til að gera upptæka smyglaða vöru sem taldist til sönnunargagna máls.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram takmarkanir á eignarrétti hans hefðu ekki haft lagastoð. Hefði því verið brotið gegn réttindum hans skv. 1. gr. 1. viðauka.

Niðurstaða

Ekki var um það deilt að eignaupptakan fæli í sér takmörkun á eignarrétti kæranda í skilningi 1. gr. 1. viðauka, en leysa þurfti úr því hvort væri í samræmi væri í samræmi við fyrirmæli ákvæðisins um heimilar takmarkanir eignarréttarins. Dómstóllinn benti á að 1. gr. 1. viðauka feli í sér að allar takmarkanir stjórnsvalda á friðhelgi eignarréttar þurfi að vera reistar á lögum. Álitafni um hvort meðalhöfs hafi verið gætt milli hagsmuna samfélagsins og takmörkunar á rétti kæranda kæmi aðeins til skoðunar, að sýnt hefði verið fram á að takmörkunin væri í samræmi við ákvæði laga og ekki geðþóttaákvörðun. Með lagaáskilnaði væri sú krafa gerð að takmarkanir hefðu stöð í landslögum sem þyrftu jafnframt að vera aðgengileg og skýr og beiting þeirra fyrirsjáanleg.

Dómstóllinn benti á að 1. mgr. 169. gr. rússneskra hegningarlaga frá 1960 hefði veitt heimild til eignaupptöku á vörum sem farið væri ólöglega með yfir landamæri. Þá mælti 279. gr. tollalaga fyrir um þann möguleika að vörur væru gerðar upptækar, en aðeins í öðrum tilvikum en við smygl. Að auki hefði dómur Hæstaréttar Sovétríkjanna frá 1978 skýrt löggjöfina þannig að smyglaða hluti mætti gera upptæka Með nýjum hegningarlögum frá 1996 hefði hins vegar fyrrgreind eignaupptökuheimild í 1. mgr. 169. gr. verið felld niður. Væri það ekki á færi dómstólsins að meta af hverju löggjafinn ákvað að endurskoða lögin á þennan hátt. Hins vegar var ljóst að sakfelling fyrir smygl samkvæmt 1. mgr. 188. gr. hegningarlaganna gæti ekki verið lagagrundvöllur fyrir upptöku peninga kæranda. Þannig væri óljóst hvaða lagagrundvöllur, annar en dómur Hæstaréttar frá 1978 sem byggðist á lögum sem síðar voru felld úr gildi, lægi til grundvallar eignaupptöku peninga kæranda.

Dómstóllinn tók fram að vald hans til að endurskoða túlkun og beitingu stjórnsvalda aðildarríkja á landslögum væri takmarkað. Hins vegar hefðu lögin í þessu tilviki ekki verið nægilega skýr til þess að fyrirsjáanlegt hefði verið fyrir kæranda hverjar afleiðingar háttsemi hans gætu orðið. Þannig taldi dómstóllinn að takmarkanir á rétti kæranda skv. 1. gr. 1. viðauka hefðu ekki uppfyllt þau skilyrði sem ákvæðið setur. Taldi dómstóllinn því rétt kæranda samkvæmt ákvæðinu hafa verið brotinn og dæmdi kæranda 3.000 evrur í miskabætur.

Einn dómari skilaði séráliti.